

Nd.

327. Frumvarp

til laga um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. nr. 16, 4. nóv. 1881.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Af sild, er flutt er út umbúðalaus í farmrúmi skips, skal greiða útflutningsgjald, 25 aura af hverri tunnu (108—120 Ltr.).

2. gr.

Af eftirtöldum fiskiafurðum, sem fluttar eru hjeðan af landi, skal greiða útflutningsgjald:

af hverri tunnu síldarlýsis (= 105 kg)	30 aura,
af hverjum 100 kg af fódurmjöli	30 aura,
af hverjum 100 kg. af fódurkökum	25 aura,
af hverjum 100 kg af áburðarefnum	15 aura.

3. gr.

Um gjald þetta og greiðslu þess fer eftir fyrirmælum laga nr. 16 frá 4. nóvember 1881 um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.